

Morgunblaðið

46. árgangur

164. tbl. — Laugardagur 1. ágúst 1959

Prentsmiðja Morgunblaðsins

Danskt flugfélag stofnað sem á að taka Grænlandsflugið frá Flugfélagi Íslands

Brezkt fjármagn stendur á bak við það

Kaupmannahöfn, 31. júlí.
— (Frá Páli Jónssyni). —

Í GÆR var stofnað í Danmörku nýtt flugfélag, sem hefur það að aðalmarkmiði að hrifsa Grænlandsflugið frá Flugfélagi Íslands. Allt bendir til þess, að brezkt fjármagn standi á bak við stofnun félagsins.

Hið nýja félag nefnist „Flying

Enterprise“. Verkefni þess á að vera að annast leiguflug fyrir ferðaskrifstofur og Grænlandsflugið fyrir Grænlenska verzlunarfélagið og Norræna námu-félagið, sem Flugfélag Íslands annast nú.

Félagið hefur þegar fest kaup á tveimur Argonaut-flugvélum frá brezka flugfélaginu BOAC og getur hver þeirra tekið 65 farþega og flogið með 450 km hraða á klst. —

Þetta nýja félag fær einnig lánaða flugmenn frá BOAC.

Framkvæmdastjóri „Flying Enterprise“ verður Linde, sem áður stjórnaði vöruflytningadeild SAS. Hann segir að starfsemi félagsins hefjist með haustinu. Félagið ætli innan skamms að fá sér þriðju flugvélina, sem sér-

staklega verði ætluð til Grænlandsflugs.

Einn af stofnendum félagsins, Hans O. Christiansen, hæstaréttarlögmaður, segir að það sé eðlilegt, að fela hreinu dönsku félagi flutningana til Grænlands frekar en að láta Íslendinga sjá um þá, en Ekstrabladet svarar því til, að það sé efamál, að það félag geti kallast „hrein-danskt“, sem hefur 100 þús. króna hlutfé, en getur strax keypt tvær stórar flugvélar af brezka flugfélaginu, sem kosta um 5 millj. danskra króna.

Þess skal að lokum getið, að Flugfélagið hefur annast ferðir til Grænlands í hverri viku í sumar og stundum jafnvel þrisvar í viku. Flogið hefur verið til margra staða, m. a. til Thule en þar er nýrta flugvélur Grænlands. Hefur Skymasterflugvél-in Sólfaxi verið önnun kafin í þessu flugi í allt sumar.



Einar Ásmundsson lætur af ritstjórn

EINAR Ásmundsson lætur nú af eigin ósk af ritstjórn Morgunblaðsins. Fyrir hönd samstarfsmanna hans við blaðið og stjórnenda þess, þakka ég honum allt gott, sem hann hefur unnið fyrir

Tískustyrjöld hafin í París

PARÍS, 31. júlí. (Retuter). — Í dag gekk Guy Laroche tizku húsið í lið með Dior tizkuhúsinu og lagði til að pilsfaldur kvenna yrði um hnéskei og jafnvel nokkru ofar á lærinu. Þar með er í fyrsta skipti um margra ára bil hafin skipti arastyrjöld í franska tizkuheiminum. Laroche og Dior vilja stutta kjóla um eða yfir hnéskelinni. Hin tizkuhúsin vilja síðari kjóla, sum jafnvel um miðjan kálfa. Klæðaframleiðendur og fatnaðarverzlunar eru nú í mestu vandræðum. Enginn þykist enn geta séð, hvernig tizkustyrjöld þessari ljúki.

Listkynning Mbl.



Ásgerður Ester Búadóttir

ÞESSA DAGANA er til sýnls í glugga Morgunblaðsins við Aðalstræti myndvefnaðir eftir listakonuna Ásgerði Ester Búadóttir. Ásgerður hlaut listmenntun sína fyrst hér heima, en síðan við konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn. Skömmu eftir námið tók hún að leggja megin-stund á myndvefnað og sýndi nokkur ofin klæði á sýningum hér heima.

Vorið 1956 tók hún þátt í alþjóðlegri sýningu í München og hlaut þar gullverðlaun fyrir myndvefnað sinn. Árið eftir var henni boðin þáttaka í sýningu norræna listabandalagsins í Gautaborg, þar sem þær Júlíana Sveinsdóttir sýndu myndvefnað af Íslands hálfu. Vorið 1958 hélt hún síðan fyrstu sjálfstæðu sýningu sína hér í Reykjavík, og litlu síðar fól listaverkanefnd bæjarins henni að vefa veggklæði, sem hefur nú verið hengt upp í mæðradeild Heilsuverndar-stöðvarinnar.

Síðastliðinn vetur var hún meðal þeirra, sem tóku þátt í hinni miklu norrænu sýningu í Louvre í París. Voru þar sýnd nokkur af veggklæðum hennar, meðal þeirra stærst. Klæðið, sem nú er í sýningarglugga Morgunblaðsins. Um líkt leyti gaf bókaforlagið Helgafell út litprentun eftir einum af eldri myndvefnum hennar, Stúlku með fugl.

Síðustu tvö árin hefur Ásgerður einkum öfið úr ólituðu bandi, þ.e. hreinum sauðalitum, en notar gjarnan einn lit að auk, svo sem í tveim þeirra myndvefnaða sem hér eru til sýnls.

Krúsjeff talinn væntanlegur til Bandaríkjanna

En Genfar-ráðstefnan að fara út um þúfur

FREGNIR bæði frá Genf og Moskvu í gær hermdu, að þrálátur orðrómur væri á kreiki um það, að Eisenhower forseti Bandaríkjanna hefði sent Krúsjeff einræðisherra Rússlands boð um að heim-sækja Bandaríkin.

Yfir kaffibollum

I fregnu frá Genf segir, að utanríkisráðherrarn stórveldanna hafi haldið lokaðan fund yfir kaffibollum í bústað Gromykos. Þætt var um möguleika á bráðabirgðasamkomulagi um málefni Berlínar, en árangur varð enginn.

Stjórnmalafréttaritarnar telja mjög ólíklegt að nokkur árangur náist á Genfar-ráðstefnunni úr þessu. Dregur nú til loka henn-

ar, þar sem Herter utanríkisráð-herra Bandaríkjanna hefur tilkynnt að hann verði að fara af ráðstefnunni á fimmtudaginn. Virðist nú aðeins deilt um það, hvort ljúka eigi ráðstefnunni endanlega og lýsa hana árangurs-lausa eða fresta henni. Fulltrúar Bandaríkjanna og Frakka telja enn fjarri lagi að halda fund æðstu manna stórveldanna, þar sem enginn árangur hafi orðið á fundi utanríkisráðherranna.

Árangursríkasti fundur

Fulltrúar rússnesku sendinefndarinnar lögðu áherzlu á það á blaðamannafundi í dag, að fundur æðstu manna myndi koma meiru til leiðar en fundur utanríkisráðherranna, en árangurs-Framh. á bls. 14.

blaðið og við höfum af honum reynt, og færi honum beztu árn-aðaróskir.

Bjarni Benediktsson.

„Þegar ég nú læt af þeirri vinnu, sem ég hef um hrið haft með höndum, fyrir Morgunblaðið, og sný mér aftur að fullu og öllu að lögfræðistörfum, sendi ég öllum samstarfsmönnum mínum beztu þakkir og óskir um gæfu-rika framtíð.“

Sný ég þar máli mínu ekki sízt til blaðamannanna, sem ég hef átt daglega fundi með og þá vafa laust oft reynt á þolinmæði þeirra í erli dagsins.

Ennfremur sendi ég stjórn Árvakurs h.f. beztu þakkir og árna Morgunblaðinu allra heilla í framtíðinni.


Einar Ásmundsson, hæstaréttarlögmaður.

Vínlands-sigling á bátkaenu

Gamlir þulir að-vara piltana

THURSO í Skotlandi, 31. júlí. — (Reuter). — Þrír alskeggjaðir ævintýramenn sigldu í dag út frá Straumnesi í Orkneyjum á 9 metra löngum bát. Þeir ætla að feta í fótspor víkinganna fornu og sigla til Ameríku. Ferðinni er heitið um Færeyjar, Ísland, Grænland og til Labrador. Er þetta um 3000 sjómíla leið.

Það er sagt, að þetta sé minsti bátur, sem rokkrusinni hefur verið notaður til siglinga yfir Norður-Atlantshaf. Þegar piltarnir voru að Framh. á bls. 3



A stríðsárunum létu þýzku nazistarnir falsa enska fimm punda seðla í stórum stíl og var það ætlun þeirra að eyðileggja peningakerfi Breta. Þeir höfðu prentað falsa seðla fyrir milljónir sterlingspunda, en gafst ekki tími til að koma þeim á dagferð. Í stríðslok söktu þeir seðlunum í djúpt stöðuvatn í Austurríki. Frosmenn þessa dagana að því að leita að peningaseðlunum og hafa þeir orðið nokkurs visari eins og myndin sýnir.

Morgunblaðið

Laugardagur 1. ágúst.

Ekni blaðsins m.a.:

- Bls. 3: Stóri jarðborinn enn stórvirkari en áður.
- 8: Forystugreinin: „Órlagadagurinn 28. júní“.
- Hin „látna“ litir (Útan á heimi).
- 9: Umferðarsíða Morgunblaðsins.
- 14: Íþróttir.